

Ársfundur Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna Haldin
miðvikudaginn 9. maí 2018 kl.20:00 í húsakynnum FÍA Hlíðarsmára 8.



Sturla Ómarsson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Magnús Brimar Jóhannsson yrði kosinn fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir um ársreikninginn og fjárfestingarstefnuna yrðu tekin saman og á eftir honum yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. Fundurinn var lýstur lögmætur og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Sturla Ómarsson formaður stjórnar EFÍA fór yfir skýrslu stjórnar.

Alls greiddu að meðaltali 678 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls 1.788 milljónum kr. og hækkuðu um 12% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 871 milljón kr. og hækkuðu um 10,29% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 206 á árinu og í árslok 2017 áttu 1.037 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum. Þóknarir til stjórnar og endurskoðunarnefndar námu 9,3 milljónum kr. á árinu 2017.

Sturla sagði að óhætt væri að segja að árið 2017 var ár breytinga. Á árinu þar á undan fengu lífeyrissjóðir takmarkaðar heimildir til að fjárfesta erlendis, sem EFÍA nýtti til fulls. Markmið er að erlendar eignir verði 20% af heildar eignum sjóðsins. Sturla sýndi vöxt í erlendum eignum sjóðsins.

Sturla ræddi þróun fasteignaverðs og sjóðfélagalána, aukning hefur verið gríðarleg hjá EFÍA í útlánunum, mun meiri en hjá öðrum sjóðum. Því varð stjórnin að þrengja lánareglur sjóðsins og horfa til fleiri þátta. Nú er verið að vinna hratt að því að koma erlendum eignum sjóðsins í það hlutfall sem við viljum hafa þær í.

Á fyrri hluta ársins 2014 hófst skoðun á uppbyggingar verkefni í Helguvík, kísilmálmverksmiðjunni United Silicon. Í lok ársins 2014 var svo ákveðið, að undangengu ítarlegu greiningarferli, að taka þátt í því verkefni og nam heildar fjárfesting EFÍA 112,9 milljónum króna eða 0,34% af heildar eignum sjóðsins. Sí endurtekin og ófyrir séð vandamál komu upp við gangsetningu verksmiðjunnar og á árinu 2017 kom jafnframt upp rökstuddur grunur um fjársvik og fleiri alvarleg refsiverð brot af hálfu forstjóra félagsins. Í janúar 2018

óskaði stjórn félagsins svo eftir gjaldþrotaskiptum. EFÍA færði niður eign sína í félaginu að fullu með varúðar niðurfærslu á árinu 2017 þegar ljóst var í hvað stefndi. Eign EFÍA í félaginu nam, eins og áður sagði, 0,34% af heildareignum sjóðsins og eru áhrif niðurfærslunnar samsvarandi.

Sturla ræddi kostnaðarhlutfall sjóðsins og sagði það vera svipað og undan farin ár. Stjórn sjóðsins hefur lagt áherslu á að halda kostnaði í lágmarki.

Á heildina litið var árið 2017 gott ár í rekstri sjóðsins. Raunávöxtun á eignum lífeyrissjóðsins var 4,21% árið 2017 og meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl fimm ár er nú 5,35%. Verðbréfaeign sjóðsins er að mestu í innlánnum, skuldabréfum með ábyrgð ríkisins og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Hrein eign sjóðsins nam 34.431 milljónum kr. í árslok 2017 og hefur hækkað á árinu úr 31.584 milljónum kr. eða um 2.847 milljónir kr.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2017. Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok námu heildarskuldbindingar sjóðsins 53.336 milljónum kr. miðað við 3,5% vexti. Séu eignir sjóðsins metnar með sama hætti nema þær 55.050 milljónum kr. eða 3,1% hærri fjárhæð en skuldbindingarnar saman borið við 4,0% heildar eigna umfram skuldbindingar árið 2016.

Að lokum kom Sturla inn á breytingar á stjórn sjóðsins og áherslur í sýnileika. Á árinu varð breyting á stjórn sjóðsins, Salvör kom inn í stjórn sjóðsins, hún stóðs með miklum ágætum hæfnispróf FME. Aðrar breytingar urðu ekki á stjórn. Þá sagði Sturla frá fréttaveitu á veg sjóðsins og fræðslufundum sem sjóðurinn stendur fyrir. Sturla þakkaði meðstjórnendum sínum í stjórn sjóðsins sem og Snædís framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á árinu.

2. Ársreikningur kynntur

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins.

Snædís fór yfir breytingu á hreinni eign frá árinu 2016 yfir á 2017, hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 9% á milli ára og var í lok árs 34,4 milljarðar.

Snædís fór yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi miðað við stöðu 31. desember 2017. Hún fór yfir iðgjöld, lífeyri og rekstrarkostnað á árinu 2017. Handbært fé í lok árs var 1.677 milljónir

króna. Snæðis sýndi þróun iðgjalda og útgreiðslna frá árinu 2012 til 2017. Mikil aukning í iðgjöldum á milli ára í takt við vaxandi sjóð.

Snæðis fór yfir helstu skýringar í ársreikningi EFÍA 2017. Greiddur ellilífeyrir hækkaði um 12,6% á milli ára, örorkulífeyrir lækkaði um -12% á milli ára og makalífeyrir jókst um 9,9%. Skrifstofu og stjórnunarkostnaður stóð í stað á milli ára í hlutfalli við hreina eign í lok árs var rekstrarkostnaðurinn 0,12%.

Snæðis fór yfir helstu áhættuþætti í starfsemi EFÍA og áhættustýringu sjóðsins. Snæðis sýndi þróun heildarskuldbindinga frá árinu 2011 til 2017, tryggingafræðilegstaða hefur farið úr -10% 2011 í +3,1% árið 2017. Eignir umfram skuldbindingar voru 1.677.841 milljónir á árinu 2017.

Að lokum fór Snæðis yfir helstu kennitölur 2017. Hrein ávöxtun ársins 2017 var 4,21%, meðaltal hreinnar ávöxtunar síðustu 5 árinu var 5,35% og síðustu 10 árin var hún 0,85%.

3. Fjárfestingarstefna

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu EFÍA 2017. Raunávöxtun var 4,2% á árinu 2017, Hjörleifur fór yfir niðurbrot ávöxtunar, innlend skuldabréf gáfu mestan hluta ávöxtunar safnsins sem og erlend hlutabréf. Hjörleifur fór yfir samanburð á innlendum skuldabréfum gagnvart helstu skuldabréfasjóðum sem og samanburð á innlendum hlutabréfum sjóðsins. Hjörleifur fór yfir ávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið, frá 1995 – 2017, meðal ávöxtunin á því tímabili var 3,4%. Því næst fór Hjörleifur yfir eignasamsetningu sjóðsins, sundurliðun skuldabréfa og hlutabréfa. Hjörleifur fór yfir helstu fjárfestingar ársins 2017 og ræddi eign sjóðsins í Icelandair group, bæði beint og óbeint í gegnum sjóði. Nú eru um 3,3% af heildar eignum sjóðsins í Icelandair, selt hefur verið fyrir um 150 milljónir á meðalgenginu 116 á árinu 2017.

Að lokum fór Hjörleifur yfir þróun markaða það sem af er ári 2018. Hann fór yfir fjárfestingarstefnu ársins 2018 sem er nú sett fram nú nýju formi í samræmi við breytingar á 36. gr. laga 129/1997 og helstu breytingar á henni milli ára. Helstu breytingar á fjárfestingarstefnunni á milli á ára voru: lækkuð voru vikmörk 10% -100% sem og stefna í

flokknum *Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs* minnkað úr 30% í 20%. Vægi í flokknum *Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana* aukið úr 7% í 10%. Vægi í flokknum *fasteignaveðtryggð skuldabréf* aukið úr 10% í 17%, vilmörkin færð í 0-40%. Flokkurinn *Önnur verðbréf* var færður í 12% úr 8% og vilmörk hækkuð í 0-40%. Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig og gaf orðið laust.

Freysteinn Jónsson, mig langar að spyrja framkvæmdastjóra EFÍA Snædís Ögn Flosadóttur, var aðkoma Arion banka að fjárfestingunni í United Silicon eðlileg? Er eðlilegt að eftirlaunasjóður í rekstri bankans eins og EFÍA komi inn í þessa fjárfestingu sem bankinn heldur utan um?

Snædís byrjaði á því að þakka fyrir spurninguna, málefnið hefur mikið verið rætt og sjóðurinn leitast við að halda sjóðfélögum eins vel upplýstum og hægt er, m.a með sérstökum upplýsingafundi í febrúar um þetta tiltekna mál. Það fer hins vegar virkilega vel á því að ræða það einnig á aðalfundi og því gott að fá þessa spurningu. Aðkoma að þessari tilteknu fjárfestingu var með sama hætti og í öllum öðrum sérhæfðum fjárfestingum. Eignastýring skoðar margar sérhæfðar fjárfestingar frá öllum þeim aðilum á markaði sem koma að slíkum málum, Arion banka sem og öðrum, fjárfestingarnar eru svo bornar undir stjórn til ákvörðunar í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins. En hinsvegar var það óheppilegt að bankinn var að halda utan um þetta. Við höfum lagst í mikla vinnu við skoðun á öllu ákvörðunarferlinu til að sjá hvað við getum lært af þessu. Þá var utanað komandi lögfræðingur fenginn til að skoða hvað væri hægt að gera og að hans mati var um að ræða stórt sviksemismál, líkt og fram hefur komið m.a í fjölmiðlum. Því ákvað stjórnin að leggja fram kæru á hendur Magnúsi frávarandi framkvæmdastjóra USI og öðrum stjórnarmönnum eftir atvikum. Snædís sagði einnig að Ríkisendurskoðun væri að skoða hlutverk og skyldur eftirlitsaðila og hvort að það hafi verið eitthvað athugavert við það ferli. Lögfræðilegri skoðun verður haldið áfram og sjóðfélögum haldið upplýstum.

Freysteinn Jónsson, takk fyrir svarið, ég sendi þér bréf, varðandi örorkumál mín og fékk þau svör að að í sjóðnum eru 9 örorkuþegar með 100% örorku og einn 75%, 1 með 50%. Það á ekki neinn að vera með 100% örorku ekki rétt? Því hámark er 75%. Hversvegna eru aðilar með 100%?

Snædís þakkaði fyrir spurninguna, það er alveg rétt hjá þér að greiðslurnar eru að hámarki 75% af áunnum og framreiknuðum réttindum. Í svari mínu til þín var ég að taka saman

örorkuhlutfallið en það er örorkuhlutfallið sem metið er af trúnaðarlæknum sjóðsins. Hámarksörorkugreiðsla er svo líkt og áður sagði 75% af áunnum og framreiknuðum réttindum.

Freysteinn spurði út í töflu sem hann hefði séð þar sem kom fram að sjóðurinn fari að ganga á eignir sínar eftir ákveðin langan tíma. Er rétt að skrifa svona, grafalvarlegt ef að sjóðurinn er að gera það.

Snædís segir að þetta sé líklegast í fjárfestingarstefnunni, en þar er gerð áætlun út frá óbreyttum sjóðfélagahópi hvenær sjóðurinn byrjar að ganga á eignir sínar.

Freysteinn spurði um trygginga fræðilega stöðu sjóðsins, Vigfús talar um hvernig þetta 3,5% viðmið, hvernig er það fundið út?

Magnús fundarstjóri sagði endilega komdu með fleiri spurningar hér á eftir þegar Vigfús kynnir tryggingafræðilega úttekt EFÍA ársins 2017, en þetta er samkvæmt lagasetningu.

Gylfi Magnússon, eftirlaunabegi. Kallaði eftir yfirlit hvernig við höfum verið að standa okkur miðað við aðra síðasta ár. Snædís sagði að ekki væri það með hér og nú, en getum sent honum það. Gylfi afþakkaði það en óskaði eftir því á næsta fundi sem Snædís sagði sjálfsagt að verða við.

4. Tryggingafræðileg úttekt

Vigfús Ásgeirsson fór yfir tryggingafræðilega athugun m.v. árslok 2017. Hann gerði grein fyrir þeim gögnum sem lágu fyrir við matið, sem fengin voru úr Kríu kerfi FUGLA ehf. Teknir eru sjóðfélagar sem greiddu í sjóðinn, sjóðfélagar með geymd réttindi og lífeyrisþegar m.v. lok árs 2017. Áreiðaleiki gagnanna var kannaður með ítarlegum samanburði við gögn síðustu ára og tölur úr ársreikningi. Vigfús sagði að verið væri að meta eignir og áætlun skuldbindinga EFÍA. Helstu forsendur væru árleg raunávöxtun 3,5%, lífslíkur árunna 2010-2014 og 100% af íslenskum örorkulíkum hjá konum og körlum.

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og áföllnum lífeyrisskuldbindingum til sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga til sjóðfélaga miðað við

tryggingafræðilegar forsendur. Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 1.677 milljónir, í hlutfalli af skuldbindingum 3,1%.

Vigfús fór yfir álagspróf, hvaða áhrif breyttar forsendur hefðu að segja fyrir sjóðinn. Ef t.d. örorkulíkur aukast um 10% þá mun tryggingafræðilegstaða sjóðsins verða 2,5%. Ef líftöflur hliðrast um 2 ár þá yrði tryggingafræðilegstaða sjóðsins 2,1%. Ef áætluð ávöxtun lækkaði úr 3,5% í 3% þá færi tryggingafræðilegstaða sjóðsins í mínus eða um -5,9%.

Vigfús fór yfir fjöldatölur sjóðfélaga eftir því hvort þeir voru virkir, óvirkir eða lífeyrisþegar. Og sýndi iðgjöld eftir aldri sjóðfélaga, sem hafa hækkað frá árinu 2016.

Vigfús sagði frá samkomulagi nokkurra sjóða um örorkutryggingu, núna er sjóðurinn að greiða en hefur síðustu ár fengið út.

Gylfi benti á í glærum Vigfúsar komi fram að miðað sé við 67 ára en á að vera 65 ára.

Vigfús þakkaði fyrir ábendinguna þetta væri bara villa í glærunum, útreikningar miðuðust við 65 ára líkt og vera ber.

Vigfús þakkað fyrir sig.

5. Skipun stjórnar og laun stjórnarmanna

Sturla fór yfir skipun stjórnar og laun stjórnar.

Fulltrúar FÍA eru Sturla Ómarsson, Geirþrúður Alfreðsdóttir og Ólafur W Finnsson. Varamenn FÍA eru Úlfar Henningsson, Salvör Egilsdóttir og Guðlaugur Sigurðsson. Fulltrúar atvinnurekanda eru Bogi Nils Bogason og Kristín Björg Eysteinsdóttir. Varamenn þeirra eru Hlynur Elíasson og Íris Hulda Þórisdóttir.

Stjórn FÍA skipar í stjórn fyrir hönd stéttarfélagsins og varamaður kemur nýr inn Salvör Egilsdóttir. Vinnuveitendur munu ekki gera breytingu á þeim mönnum er þeir hafa þegar skipað.

Sturla fór yfir tillögu hækkun á launum stjórnarmanna. 6% hækkun vegna viðmiða við FÍA.

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

Formaður	272.154 kr.
Stjórnarmenn	120.770 kr.
Undirbúningsnefnd	83.346 kr.
Varamenn, ef þeir taka sæti	120.770 kr.
Varamenn (fyrir hvern fund)	42.270 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

Stjórnarmaður	42.270 kr.
---------------	------------

Freysteinn sagði það óþarfa að FÍA komi að skipun í stjórn lífeyrissjóðsins. Ég tel miklu eðlilegra að það sé kosið og menn geti gefið kost hjá sér í stjórn sjóðsins. Ég vil sjá aðra aðila frá öðrum atvinnurekendum í þessari stjórn, ekki bara Ícelandair og legg til að stjórn fari yfir þessi mál og breyti þessu á næstu 2 árum.

Sturla svaraði því til að þessi umræða hafi einnig komið upp á síðasta ársfundi, málið er í skoðun og það verða fundir um þetta. Ég vænti þess að fyrir næsta ársfund verði gerð einhver breyting. Síðasta ári var vinna með þetta en ekki farið nógu langt með hana.

Geirþrúður sagði okkur finnst það meira en sjálfsagt að breyta þessu, en jafnframt mikilvægt fyrir nýja stjórnarmenn að átta sig á því að það fer mikil vinna í það próf sem FME leggur fyrir stjórnarmenn.

Guðmundur Már, sagði að þetta hefur verið rætt innan stjórnar FÍA, það er þá aðalfundur FÍA sem mun taka loka ákvörðun um þetta.

Sigurður Egill Sigurðsson flugstjóri hjá Erni, sagði: ég tel það mikilvægara að losna við atvinnurekendur úr stjórninni en skipun nefndarmanna á vegum FÍA.

6. Val endurskoðenda

Sturla kynnti val endurskoðanda fyrir næsta ár. Stjórn hefur verið ánægð með samstarfið og vinnubrögð Kristins Kristinssonar hjá Price Waterhouse Coopers síðustu 7 árin og þakkaði honum samstarfið. Nú mælir endurskoðunarnefnd sjóðsins með því að sjóðurinn haldi sig við

Price Waterhouse Coopers, en annar endurskoðandi hjá þeim mun sjá um sjóðinn. Engin hækkun var á þóknun til endurskoðanda á þessu ári, einungis hækkunir í takt við verðlagsbreytingar.

7. Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins

Snædís fór yfir tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins sem verða í kjölfar ársfundar lagðar fyrir sjóðfélaga og kosið um rafrænt. Breytingartillögur stjórnar á samþykktum sjóðsins í ár snúa allar að innleiðingu nýs úrræðis, svokölluðum hálfum lífeyri. Úrræðið má rekja til lagabreytinga á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, sem tóku gildi 1. janúar 2018 og reglugerð nr. 1195/2017 um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar. Samþykktarbreytingarnar heimila sjóðfélögum að taka ellilífeyri í 50% hlutfalli frá 60 ára aldri. Jafnframt verður sjóðfélögum heimilt að fresta töku hálfis lífeyris til allt að 80 ára aldurs með hækkun á hinum frestaða hluta. Umræddar breytingar leiða til aukins sveigjanleika fyrir sjóðfélaga í töku lífeyris. Ennfremur býðst sjóðfélögum að taka hálfan lífeyri hjá TR án nokkurra skerðinga m.v núgildandi lög. Skilyrði fyrir hálfum lífeyri frá TR er að allir lífeyrissjóðir sem sjóðfélagi á réttindi í greiði einnig hálfan lífeyri.

11. gr. ellilífeyrir

11.1. Sjóðfélagi sem náð hefur 60 ára aldri ~~á aldrinum 60 til 70 ára, sem og~~ á réttindi í sjóðnum skv. 10. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 65 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.

11.2. Sjóðfélagi sem orðinn er 65 ára getur frestað töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 65 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem líður frá 65 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 65 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.

11.5. Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris hjá sjóðnum getur ákveðið að hefja töku ellilífeyris í 50% hlutfalli hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna. sbr. grein 11.4. Ákveði 11.3. skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 65 ára aldur. Ákveði 11.2 skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 65 ára aldri er náð.

11.6. Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris við gildistöku þessa ákvæðis getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020 farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæða 11.2. og 11.3. í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæða 11.2 og 11.3.4. Sjóðfélagi sem nýtir sér ákvæði þetta telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 11.4.

8. Önnur mál

Snædís sagði frá tillögu sem barst frá Sigurði Sigurðssyni sjóðfélaga EFÍA, varðandi fasteignalán til félagsmanna. Bréf:

Sæl Snædís

Ég vil leggja tillögu fyrir Ársfund FÍA er varðar fasteignalán til félagsmanna.

Ég legg til að EFÍA bjóði greiðendum í sjóðinn upp á lán til fyrstu fasteignakaupa með fyrsta veðrétt upp á 80-85% til að koma til móts við þá fjölmörgu nýliða í FÍA sem eru bæði ungir og ekki komin á fasteignarmarkaðinn. Þetta ákvæði myndi bara gilda um kaup á fyrstu fasteign annars gilda núverandi reglur um 65%.

Rök fyrir þessu er að þótt Ícelandair er enn með vetraruppsagnir þá eru sjóðsfélagar að leita til annarra sjóða eða banka til að fjármagna sín fyrstu kaup og má líta á það sem tapaðar tekjur fyrir EFÍA

kær kveðja,

Sigurður Egill Sigurðsson

Flugstjóri hjá Flugfélaginu Erni

Sigurður tók til máls og bætti því við að þessi hópur sjóðfélaga er að skila ávöxtun inn í sjóðinn og líka að greiða iðgjöld.

Snædís hélt áfram og tók undir með Sigurði að sannarlega væri þessi hópur að skila iðgjöldum og lán til þeirra skiluðu ávöxtun. Ákvörðun um þessa tillögu verður ekki tekin á þessum fundi þar sem það er hlutverk stjórnar að setja lánareglur en mikilvægt og gagnlegt að fá góða umræðu um tillöguna sem stjórn getur svo nýtt í sínar umræður. Samkvæmt lögum má bara lána upp að 75% veðhlutfalli og jafnframt hefur stefnan verið að draga úr



vexti sjóðfélagalána þar sem hlutfall fjárfestinga EFÍA í þeim flokki er orðið hátt eins og fram hefur komið.

Freysteinn, væri raunhæft að setja þau skilyrði að sjóðfélagar væru komnir með fastráðningu til að fá þessi lán ? Og til viðbótar, er vitað hversu stóran hóp væri um að ræða?

Snædís svaraði því til að það væri gerð ákveðin krafa um iðgjaldagreiðslur í núgildandi lánareglum, en annars er ekki skylda um fastráðningu.

Sigurður svaraði, það er ekki nauðsynlegt að vera með fastráðningu hjá Ícelandair, því menn redda sér missi þeir vinnuna, og oftast eru það 2 aðilar sem eru að taka lánin saman.

Gylfi sagði, hvað eru vextir á sjóðfélagslánum ? **Snædís** sagði að breytilegir vextir væru nú 3.2% og fastir vextir 3,75% **Gylfi** sagði þá er þetta undir lágmarkinu 3.5%

Vigfús sagði já 3,5% er uppgjörskrafa í tryggingafræðilegri úttektinni.

Snædís bætti því við að ef verið er að bera saman við bréf á markaði, þá hafa þau verið undir því líka.

Sturla sagði að lánin voru á sínum tíma upp að 75% veðhlutfalli, ég tek undir að við eigum ekki að bjóða einum eitt og hinum eitthvað annað. Stjórn sjóðsins á að hámarka lífeyrir sjóðsins. En nú hefur verið alltof hraður vöxtur útlánum á sama tíma sem sjóðurinn vill líka auka erlendar fjárfestingar sínar. Sturla ræddi einnig um vaxtaumhverfið.

Sigurður sagði ástæðan fyrir fyrstu kaupendur fengu hærra veðhlutfall, því það eru ekki margir þeim hópi og þetta er heldur ekki gefins lán. Ef Jesús hefði fengið gullpening þá hefði þessi gullpeningur verið jafn þungur jörðinni í dag.

Ólafur W. Væri möguleiki á því að fyrstu kaupendur kæmu og fengu ekki allt lánið hjá EFÍA en fengu en Arion banka lán 30% á eftir okkar láni.

Sturla sagði það vera mjög góð hugmynd, en við viljum alltaf vera á 1. veðrétti.

Sigurgeir þá verður settur peningur inn á 1. veðrétt, við værum að stofna lánasjóð og lána út af honum. En ef lánin tapast, þá getur stjórnin verið skaðabótaskyld.

Sigurður sagði eldri sjóðfélagar eru ekki að gefa neitt, ungu sjóðfélagarnir eru að borga háa vexti.

Hjörtur Ícelandair flugmaður, hver er raunávöxtun núna? erum við að tapa á þessum fjárfestingum ?

Sturla sagði það er ekki tap á þeim en við erum að búa til fjárfestingarstefnu, og viljum ekki sjá þar eingöngu sjóðfélaga lán.

Guðmundur sagði að nú er flugmanna hópurinn alltaf að yngjast. Yngsti flugmaður er 20 ára, er ekki áhætta að lána svo ungu fólki háar fjárhæðir.

Sigurður sagði að konan sín keypti sína fyrstu íbúð 18 ára og var komin með 22 milljónir í hagnað af því á meðan að hann var að greiða af flugnáminu sínu. Svo að ungarfólkið er nú ekki vitlausara en það

Góðar hugmyndir hjá ykkur öllum sagði Sturla og þakkaði fyrir umræðuna, stjórn myndi taka málið til skoðunar.
Ekki var fleira rætt á fundinum.

Fundi var slitið kl. 22:12



Magnús Brimar Jóhannsson
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari

